

Ed.

118. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 12. apríl 1928, um menntamálaráð Íslands.

Flm.: Kristinn E. Andrésson.

Fyrsti málslíður 1. gr. orðist svo:

Eftir alþingiskosningar skal í sameinuðu Alþingi kjósa með hlutbundnum kosningum fimm menn í nefnd, er starfar allt kjörtímabilið og kallast menntamálaráð

Íslands, en auk þess skipar ríkisstjórnin í ráðið fjóra menn, tilnefnda af sambandsfélögum í Bandalagi íslenskra listamanna, einn frá hverju félagi, en þau eru þessi: Félag íslenskra rithöfunda, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag íslenskra myndlistamanna og Félag íslenskra leikara.

Greinargerð.

Starfssvið menntamálaráðs hefur mjög verið aukið frá því ráðið var fyrst kosið árið 1928. Með lögum 1936 fékk það í hendur stjórn bókaútgáfu Menningarsjóðs og úthlutun allra ríkislauna til rithöfunda, skálda og listamanna með lagabreytingu á Alþingi 1939. Það ráðstafar öllu fé, sem ríkið ver árlega til kaupa á listaverkum, og hefur eitt með höndum val listaverka, sem keypt eru handa væntanlegu listasafni ríkisins. Er augljóst af þessu, þótt ekki sé fleira greint af verkefnum menntamálaráðs, að störf þess krefjast sérþekkingar á sviði bókmennta og lista.

Störf og starfsaðferðir menntamálaráðs hafa vakið mikla óánægju, og hefur hún sífellt farið vaxandi. Í rauninni er svo ástætt, að menntamálaráð, sem sérstaklega skyldi til þess kjörið að gæta hagsmuna listamanna, hefur átt í stöðugum erjum við þá, svo að þeir hafa jafnvel neyðzt til að senda umkvartanir til Alþingis. Félag íslenskra myndlistamanna hefur sérstaklega gert kröfu til þess, að fulltrúi frá félaginu sé látinn vera með í ráðum, þegar gerð eru kaup fyrir ríkissafnið, og hefur bent á í skjali til Alþingis, að allar menningarþjófdir, að Íslendingum einum undanskildum, krefjast manna með sérþekkingu til að annast slík kaup handa listasöfnum. Úthlutun fjár til skálda og listamanna hefur farið menntamálaráði illa úr hendi. Listamannaþing, sem nýlega var háð, lýsti vantrausti á menntamálaráði, eins og það nú er skipað, og hefur sent Alþingi tillögur um nýja skipun ráðsins, sem eru einmitt samhljóða þeirri breytingu, sem felst í þessu frumvarpi.

Að vorum dómi getur Alþingi ekki, svo framarlega sem það vill halda virðingu sinni og telur sér skylt að vernda bókmenntir og listir í landinu, annað en orðið við jafneinróma og ákveðnum kröfum listamanna, sem jafnframt eru orðnar almennar kröfur þjóðarinnar, um breytingu á skipun menntamálaráðs. Er þá ekkert eðlilegra en listamenn sjálfir fái ihlutunarrétt um sín mál, og gæti jafnvel virzt eðlilegast, að þeir hefðu þau algerlega með höndum. En vér teljum samt ekki rétt að svo stöddu, enda hafa listamenn ekki óskað þess, að Alþingi afsali sér meirihlutavaldi í menntamálaráði, heldur sé farin sú millileið, sem ætlað er til með þessu frumvarpi, að Alþingi kjósi eins og áður fimm menn í menntamálaráð, en félögin í Bandalagi íslenskra listamanna tilnefni fjóra að auki, hvert þeirra einn mann, og verði menntamálaráð þannig skipað níu mönnum. Vér erum sannfærðir um, að verði þessi leið farin, muni bæði Alþingi og listamenn geta vel við unað.